

## **Ruotsalainen gegn Finnlandi**

**Dómur frá 16. júní 2009**

**Mál nr. 13079/03**

**4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis  
*Skattsektir. Álagning gjalds.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Jukka Ruotsalainen, er finnskur ríkisborgari, fæddur 1969 og búsettur í Lapinlahti í Finnlandi. Þann 26. febrúar 2001 var kærandi sektaður fyrir smávægilegt skattalagabrot, en hann hafði verið stöðvaður af lögreglunni fyrir að hafa í stað díselolíu notað eldsneyti, sem bar lægra skatthlutfall, á vörubíl sinn. Kærandi mótmælti ekki sektinni. Þann 17. september 2001 var kæranda gert að greiða bensíngjald, sem nam þreföldum þeim skatti, sem kærandi hafði komið sér hjá að greiða. Gjaldið var lagt á vegna sama atviks og áður var lýst. Kærandi hélt því fram að krafan um bensíngjaldið hefði átt að koma fram á sama tíma og upphaflega sektin, og krafðist þess að gjaldið yrði lækkað og að ákvörðunin endurskoðuð af æðra stjórnvaldi og síðar dómstólum, en án árangurs.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum**

#### ***Kæran***

Kærandi byggði á því að álagning bensíngjalds, eftir að hann hefði verið sektaður fyrir smávægilegt skattalagabrot, fæli í sér að hann hefði verið saksóttur og refsað tvisvar sinnum fyrir sama brot og hefði því verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann.

#### ***Niðurstaða***

Um 4. gr. 7. viðauka. Dómstóllinn tók fram að markmið 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann væri að hindra lögsókn að nýju í sakamáli, sem hefði þegar verið lokið með fullnaðarniðurstöðu. Jafnframt færi það ekki eftir landsrétti og þar með eftir geðþótta hvers samningsríkis, hvort reglan um *non bis in idem*, sem felst í 4. gr. 7. viðauka við samninginn, ætti við.

Þau atvik, sem leiddu til sektarákvörðunarinnar, voru rakin til þess að hann hefði notað annað eldsneyti á bíl sinn en díselolíu, án þess að hafa greitt hærri skatt. Bensíngjaldið var jafnframt lagt á þar sem í bensíntanki bifreiðar kæranda hafði fundist eldsneyti sem bar lægri skatt en díselolíu. Bensíngjaldið var jafnframt hækkað þrefalt þar sem kærandi hafði ekki gefið eldsneytisnotkun sína upp fyrirfram. Taldi dómstóllinn að því mætti jafna til refsingar, sem hefði sérstök varnaðaráhrif. Hefðu því þau málsatvik, sem lögju til grundvallar sektinni og bensíngjaldinu verið hin sömu, fyrir utan þá staðreynd að ásetnings var krafist til grundvallar sektarálagningunni. Taldi dómstóllinn því ljóst að málsatvikin væru efnislega þau sömu í skilningi 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði brotið gegn 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 1.500 evrur í miskabætur og 8.000 evrur í málskostn að.